



332. fundur Afrekssjóðs ÍSí

6. febrúar 2025 kl. 12.30

Mætt öll á Teams

Stjórn:

Guðrún Inga Sívertsen (GS), Sigrún Ámundadóttir (SÁ), Þórey Edda Elísdóttir (ÞE)

Fjarverandi: Stefán Jóhannesson (SJ), Daníel Jakobsson (DJ) formaður

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð

1. Úthlutun á nýju fjármagni í afreksstarf

Á síðasta fundi stjórnar var gert ráð fyrir að tillaga stjórnar yrði fínþússuð og send stjórnarfólki til samþykktar.

Þar sem að vinna við úthlutunina hafði átt sér uppruna hjá vinnuhópi úr starfshópi MRN var talið rétt að kynna fyrir vinnuhópnum lokaforsendur og útreikninga tillögunnar.

Fundaði KSR með hluta úr vinnuhópnum þar sem fram komu áhyggjur af því að forsendurnar hefðu mögulega breyst og ekki nógu skýrt hvort úthlutunin byggi á framtíðar áætlunum starfshópsins eða úthlutunarreglum Afrekssjóðs. Þyrfti að taka mið af hvoru tveggja. Því var ákveðið að rýna betur hvar munur tillagnanna liggur og skerpa á forsendum áður en lokaákvörðun er tekin af stjórn Afrekssjóðs.

Lagt var fyrir KSR að setja fram skjal sem sýnir muninn og forsendurnar sem liggja að baki.

Stefnt að funda á morgun föstudag 7. febrúar.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 12.49